



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vestfjarða

Árneshreppur

B/t Boga Kristinssonar Magnusen
Miðbraut 11
370 Búðardal, Dalabyggð

10. október 2017

MÍ201709-0003/ 6.08 / E.Í.

Umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hvalávirkjun í Ófeigsfirði.

Með bréfi dagsett 31. 08. 2017 óskaði byggingafulltrú Árneshrepps eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu deiliskipulagslýsingu nr. 13029-004, dagsett 07.2017.

Einar Ísaksson

einar@minjastofnun.is

Í deiliskipulagstillögunni segir:

Fornminjar voru skráðar af Fornleifastofnun Íslands ses í tengslum við gerð aðalskipulags Árneshrepps og voru niðurstöður birtar í hefti er nefnist Fornleifar frá Kolbeinsvík til Kjörvogs og frá Seljanesi til Skjaldbjarnarvíkur sem einnig var fylgiskjal með aðalskipulaginu. Í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar skráði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifar á gömlu þjóðleiðinni frá Ófeigsfirði að Hraundal við Ísafjarðardjúp þar sem hún liggur um framkvæmdasvæðið og voru skráðar þar sjö vörður við Vatnalautavötnin. Í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða kemur fram að ekki hafi náðst að rannsaka svæðið við Eyvindarfjarðarvatn þar sem þangað var ófært. Ekki eru taldar líkur á að þar muni finnast minjar sökum þess hve takmarkað aðgengi er að svæðinu.

Tekið var fram að í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða að svæðið við Eyvindarfjarðarvatn yrði kannað árið 2016 en það hefur ekki verið gert. Ómögulegt er að segja til um hvort minjar séu á svæðinu ef fornleifaskráning hefur ekki farið fram.


Minjastofnun Íslands telur að fyrirliggjandi skráning fullnægi ekki þeim kröfum sem gerðar eru til skráningar á deiliskipulagsstigi.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Allt skipulagssvæðið skal fornleifaskráð, minjar mældar upp, útlínur minja verði sýndar á deiliskipulagsupprætti og færðar á kortagrunn.

Að skráningu lokinni skal deiliskipulagstillagan send aftur til Minjastofnunnar til frekari umsagnar.

Virðingarfyllt,



Einar Ísaksson



Minjastofnun Íslands
Minjavörður Vestfjarða
www.minjastofnun.is

Afrit sent: Árneshreppur, skipulagsstofnun